

Mál nr. 188/2018**M og****V v. ábyrgðartryggingar H****Vinnuslys. Maður meiddist á hendi þegar hann var að snúa tannhjóli gírs 4.7.2017.****Gögn.**

Málskot móttakið 7.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.

Bréf V dags. 4.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M vann hjá H og segir að sér hafi verið skipað að snúa tannhjóli gírs til að breyta afstöðu gírsins og kvaðst hann hafa þurft að handsnúa tannhjóli gírsins með því að toga í tannhjólsreimarnar, þegar M var að gera það þá festist hanski M á milli reima og hönd M klemmdist milli tannhjóls og reima. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir H hafa vanrækt skyldur sínar skv.l. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Leiðbeiningar og verkstjórn hafi verið ófullnægjandi sem leiði til skaðabótaskyldu H. Af hálfu M er haldið fram, að verkið hafi gengið illa og hann hefði farið fram á það við samstarfsmann sinn að beðið yrði með verkið til næsta dags eftir að rafvirki hefði tengt mótör til að ekki þyrfti að handsnúa tannhjólínu. M segir að þessu hafi verið hafnað og honum skipað að halda áfram og klára verkið. M hafði starfað í stuttan tíma hjá H þegar slysið varð. M bendir á að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins. M segir að verkið sem hann vann í umrætt sinn hafi verið sérhæft verk sem maður með fagþekkingu hefði þurft að vinna. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til sakar H, starfsfólks H eða nokkurs sem H ber ábyrgð á. V hafnar því að verkstjórn og/eða leiðbeiningum varðandi framkvæmd verksins hafi verið ábótavant og segir verkið tiltölulega einfalt. V segir að M hafi unnið hjá H um árabil í jólafríum frá árinu 2015 og hafi vitað hvað hann var að gera. Þá segir V að M hafi sýnt af sér gáleysi. V segir að Vinnueftirlitinu hafi verið tilkynnt um slysið um leið og tilefni gafst til, en óumdeilt sé hvernig slysið varð og því ekki um að ræða sönnunarskort í málinu.

Álit.

Slys M var ekki rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins sbr. bréf dags. 29.8.2017, Tilkynningu H barst 6.7.2017 tveim dögum eftir slysið. Í yfirlýsingu dags. 3.5.108 segir samstarfsmaður M, að M hafi verið honum til aðstoðar við framkvæmd verksins. M hafi viljað bíða með að ljúka verkinu, en samstarfsmaðurinn segist hafa sagt að ljúka yrði verkinu þetta kvöld og hafi M þá haldið áfram og stuttu síðar hafi slysið orðið. Hvorki er þess getið í yfirlýsingu samstarfsmanns M né sérstaklega tekið fram af hálfu H með hvaða hætti og hvernig M hafi fengið leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Þar sem fullnægjandi upplýsingar skortir um þessi atriði verður H að bera hallann af því m.a. vegna þess að hann lét hjá líða að kalla til Vinnueftirlit ríkisins til að gera úttekt á aðstæðum á vinnustað þegar slysið varð. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki er sýnt fram á, að M hafi fengið fullnægjandi upplýsingar um framkvæmd verksins eða verkstjórn hafi veri fullnægjandi. H ber því bótaábyrgð á slysi M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 14.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.